

Mál nr 28/2011

Ár 2012, þriðjudaginn 30. október, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 28/2011

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 13. desember 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða Y hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para rakkann XX við tíkina YY án þess að rakkinn hefði gilt augnvottorð. Kæran var send kærðu Y til umsagnar með bréfi dagsettu 13. janúar 2012 og henni gefinn andmælafrestur til 10. febrúar. Andmæli ódags. bárust frá kærðu Y og einnig Z eiganda tíkarinnar. Andmælin voru send kæranda Y til umsagnar, sem svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll efnisatriði er máli skiptu væru fram komin þá ákvað hún að boða til sáttafundar hinn 8. maí, sem gert var með ábyrgðarbréfi dags. 17. apríl. Þar eð kærða Y býr utan höfuðborgarsvæðisins var henni boðið að halda fundinn gegnum fjarfundabúnað. Kærða Y hafði samband við siðanefnd og bað um frestun á sáttafundi vegna veikinda og var orðið við því. Sáttafundur var því boðaður að nýju 30. október 2012. Kærða Y bað um fund gegnum fjarfundabúnað þar eð hún treysti sér ekki til að mæta vegna heilsubrests. Var orðið við því. Á fundinum reifuðu báðir aðilar mál sín. Ekki náðust sættir og var málið tekið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 14.-15. mars 2011 var rakkinn XX paraður við tíkina YY án þess að rakkinn hefði gilt augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu labrador retriever og er rakkinn í eigu kærðu Y. Kærandi X telur að með pöruninni hafi kærða Y brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Andmæli bárust frá kærðu Y þar sem hún viðurkenndi fúslega að sér hafi orðið á mistök. Hún biðst afsökunar og lofar að varast það að slíkt geti endurtekið sig. Einnig barst bréf frá eiganda tíkarinnar Z þar sem því er lýst yfir að þegar pörun fór fram í mars 2011 hafi ekki annað verið vitað en að allt væri í lagi varðandi tilskilin heilsufarsvottorð. Síðar hafi þó annað komið í ljós og var rakkinn þá strax og hægt var sendur í augnskoðun, sem hann stóðst.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda segir um hundakynið labrador retriever:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 1. Nóvember 1999).”

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað 14.-15. mars 2011 hafði rakkinn XX ekki gilt augnvottorð en samkvæmt reglugerð í ættbók, reglum sérdeilda er ljóst að við pörun

hunda af hundakyninu labrador retriever skal augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 18 mánaða. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Reglan hljóðar á um að vottorð liggi fyrir við pörun þannig að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Það að hundurinn stóðst augnskoðun eftirá gat kærða Y ekki séð fyrir. Þá er það til skoðunar að kærða hefur áður hlotið áminningu vegna þess að hundar í hennar eigu voru ekki með gild heilsufarsvottorð við pörun.

Kærða Y hefur skýlaust játað brot sitt og lofað að slíkt muni ekki endurtaka sig. Siðanefnd telur því í ljósi aðstæðna kærðu Y og þrátt fyrir fyrra brot, að ekki sé nægilegt tilefni til að beita harðari viðurlögum en áminningu. Kærða Y sætir því áminningu í annað sinn.

IV. Niðurstaða.

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða Y er áminnt.

f.h. siðanefndar

Guðríður Valgeirsdóttir, Hilmar Sigurgíslason, Kristín Sveinbjarnardóttir